

L Ö G

um afnám laga nr. 117 30. des. 1978, um nýbyggingargjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallst á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 117 30. desember 1978 um nýbyggingargjald falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977 og lög nr. 25/1980 um breyting á þeim lögum

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. málsliður 1. málgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættum 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár, skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu árána ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.